

Ed.

1205. Frumvarp til laga

[530. mál]

um greiðslujöfnun húsnæðislána.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að jafna og létta greiðslubyrði af öllum lánnum einstaklinga til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

2. gr.

Lánnum, sem ríkisstofnanir og fyrirtæki hafa veitt, skal skuldbreyta skv. ákvæðum 3. gr. Skuldbreyti peningastofnanir lánnum sem falla undir 1. gr. skv. skilmálum 3. gr. skal ríkissjóður lána þeim fé sem samsvarar viðbótarfjárhæð þeirri sem af þessum skuldbreytingum leiðir.

Þeim húsbýggjendum, sem ekki fá úrlausn sinna mála skv. 1. og 2. mgr. þessarar gr., skal gefinn kostur á láni úr Byggingarsjóði ríkisins á bankavöxtum til þess að tilgangi laganna skv. 1. gr. verði náð.

3. gr.

Reglur um greiðslujöfnun skulu miðast við að reiknuð verði lámsgreiðsla skv. framreikningi með launavísitölu og borin saman við áður umsamda lámsgreiðslu. Einungis skal greiða lægri fjárhæðina en sé lánsammingsgreiðslan hærri en endurreiknuð lámsgreiðsla skal færa mismuninn á sérstakan jöfnunarreikning sem telst hluti af höfuðstól lánsins og greiðist þegar upphaflegur höfuðstóll hefur verið greiddur með sömu skilmálum.

4. gr.

Greiðendum fullverðtryggðra lána úr Byggingarsjóði ríkisins skal gefinn kostur á að fresta greiðslum sem eftir eru af lánunum á árinu 1985 og skal færa þá upphæð á jöfnunarreikning lánsins.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal í byrjun hvers mánaðar reikna út og birta launavísitölu sem miðast við meðalkauptaxta allra launþega í byrjun næsta mánaðar á undan. Launavísitalan skal sett 100 í júní 1979 og reiknuð fyrir hvern mánuð frá þeim tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er sá að skjalfesta þau sjónarmið Bandalags jafnaðarmanna sem fram koma í frv. fyrst og fremst þá grundvallarhugsun að hér hljóti að vera um sameiginlegt hagsmunamál fjármagnseigenda (húsbýggjenda) og allra lánastofnana að ræða. Þess vegna er eðlilegt að greiða úr þeim vanda sem þeir fjármagnseigendur hafa lent í, sem fjárfestu í eigin húsnæði og koma í veg fyrir nauðungarsölu á fasteignum á þeim tíma sem verð fasteigna, fyrir tilverknað stjórnvalda, er í lágmarki. Það má reikna með því að íbúðareigandi, sem fjárfest hefur á s. l. 3—4 árum um 2 000 000 kr. tapi um 500 000 kr. af eigin fé ef hann selur á þessu ári.

Í öðru lagi vill Bandalag jafnaðarmanna leggja áherslu á að það er hlutverk ríkisvaldsins að tryggja jafnan rétt manna í þessu máli sem öðrum. Einstaklingar hafa misjafnlega greiðan aðgang að peningastofnunum, hverjar sem þær eru, og við því verður ekki brugðist nema með því að tryggja ótvíræðan rétt hvers og eins og tryggja að stofnanirnar geti ekki skotið sér undan, eða réttara sagt hafi ekki ástæðu til að skjóta sér undan, jafnri og réttlátri afgreiðslu á málum allra lántakenda.

Flm. gerir sér grein fyrir að þetta frv. fær ekki neina umfjöllun á þessu þingi, en telur nauðsynlegt að kynna þau viðhorf sem þar koma fram. Nú þegar verður að hefja þær aðgerðir sem leiða til þess að húsnæðislánamál verði endurskipulögð frá grunni svo að næstu kynslóðir, hvort sem þær kjósa að eiga íbúð eða sparifé, geti búið við meira öryggi en við hin.